

# LÖG

## um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

1. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:  
Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.
2. Í stað orðanna „enn fremur“ í 4. mgr. kemur: ætíð.

2. gr.

Í stað „4. mgr. 122. gr.“ í 1. og 2. mgr. 123. gr., fyrri málslíð 4. mgr. 124. gr., 1. mgr. 126. gr., 3. mgr. 129. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 151. gr. laganna kemur: 5. mgr. 122. gr.

3. gr.

Í stað „1.–3. mgr. 122. gr.“ í 130. gr. laganna kemur: 122. gr.

4. gr.

Í stað orðanna „133. gr. a – 133. gr. f“ í 2. mgr. 133. gr. a og 4. mgr. 133. gr. g laganna kemur: 133. gr. a – 133. gr. c og 133. gr. e – 133. gr. f.

5. gr.

133. gr. d í lögunum fellur brott.

### II. KAFLI

#### Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

4. mgr. 97. gr. laganna orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að gerð sé skýrsla um

samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr. Þó skal ætíð gefa yfirlýsingum um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

- a. Síðari málslíður 1. mgr. orðast svo: Einnig skal samtímis senda hlutafélagaskrá yfirlýsingum skv. 4. mgr. 97. gr., sbr. 99. gr.
- b. Síðari málslíður 2. mgr. orðast svo: Ef sá sem gefur yfirlýsingum skv. 4. mgr. 97. gr. telur í yfirlýsingum sinni að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 97. gr. og 101. gr.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „yfirlýsingum endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr.“ í fyrri málslíð 4. mgr. kemur: yfirlýsingum skv. 4. mgr. 97. gr.
- b. 5. tölul. 5. mgr. orðast svo: skýrsla og yfirlýsing skv. 97. gr.

#### 9. gr.

Í stað orðanna „Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur í yfirlýsingum sinni skv. 4. mgr. 97. gr.“ í 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: Ef sá sem gefur yfirlýsingum skv. 4. mgr. 97. gr. telur í yfirlýsingum sinni.

#### 10. gr.

3. mgr. 104. gr. laganna orðast svo:

Samin skal yfirlýsing í samræmi við 4. mgr. 97. gr.

#### 11. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1.–3. mgr. 97. gr.“ í 105. gr. laganna kemur: 97. gr.

#### 12. gr.

Í stað tilvísunarinnar „107. gr. b – 107. gr. g“ í 2. mgr. 107. gr. b og 4. mgr. 107. gr. h í lögnum kemur: 107. gr. b – 107. gr. d og 107. gr. f – 107. gr. g.

#### 13. gr.

107. gr. e í lögnum fellur brott.

#### 14. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EBE og 82/891/EBE að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

Nr. 81

4. ágúst 2009

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. ágúst 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Gylfi Magnússon.*

---

A-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2009